

**Sp.**

**928. Þingsályktun**

um ábyrgð ríkisins á láni handa Flateyjarhreppi til að koma upp frystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði.

(Afgreidd frá Sp. 21. maí.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þús. króna lán, er Flateyjarhreppur hefur í hyggju að taka til þess að koma upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði, gegn tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda.